

Umræðuskjal fyrir vinnuhóp um Fjölskyldu- og jafnréttismál

Fyrir ungt fólk á vinnumarkaði skipta málefni fjölskyldunnar miklu máli og mikilvægt er að stutt sé við bakið á ungunum fjölskyldum við að koma undir sig fótunum. Þannig verður að nýta velferðarkerfið í heild sinni til að jafna kjör á milli kynslóða og létta þunga framfærslubyrði barnafjölskyldna.

Á síðustu misserum hefur staða fjölskyldunnar veikt enda niðurskurður í velferðarkerfinu og ráðstöfunartekjur hafa minnkað. Dreigið hefur úr margvíslegri þjónustu sem mikilvæg er barnafjölskyldum og kostnaður við hana aukist. Það hefur ávallt verið krafa ASÍ að staðinn sé vörður um barnafjölskyldur og velferðarkerfið þannig að öllum sé tryggt fjárhagslegt og félagslegt öryggi.

Staðan í dag?

Fjölskyldumál

- Barnabætur voru skertar annað árið í röð í fjárlögum fyrir árið 2011. Annars vegar voru ótekjutengdar barnabætur vegna barna yngri en sjö ára tekjutengdar og hins vegar er tekjuskerðingarhlutfall vegna eins barns hækkað úr 2% í 3%. Sparnaðurinn af þessum breytingum fyrir ríkissjóð er áætlaður 1,3 milljarðar. Skerðingin hefur mest áhrif hjá foreldrum með eitt barn og börn undir 7 ára aldri.
- Mikil aukning í fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna, tæp 6.000 heimili árið 2009 sbr. 5.000 árið 2008 og 4.300 árið 2007 en aukin fjárhagsaðstoð helst í hendur við aukið atvinnuleysi.
- Tæplega 5% barna hér á landi búa á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð 2009.
- Gjaldtaka sveitarfélaganna fyrir ýmsa þjónustu sem snýr að barnafólki ss. leikskóla, skólagæslu, skólamáltíðir og íþrótt- og tómsundastarf jókst umtalsvert hjá fletum sveitarfélögum sl. áramót.
- Mjög hefur dreigið úr lyfjakostnaði ríkisins undanfarið og áform eru um frekari breytingar á greiðsluþátttöku ríkisins sem miða að því að þeir sem ekki noti lyf að staðaldri greiði lyfjakostnað upp að ákveðnu hámarki að fullu. Útfærsla þessara breytinga liggur enn ekki fyrir. Ekkert hámark er á greiðsluþátttöku sjúklunga í lyfjakostnaði nú og ljóst að sá kostnaður reynist mörgum þeirra sem þurfa lyf að staðaldri þungur baggi.
- Tannlæknaþjónusta er ólík annarri heilbrigðisþjónustu að því leyti að verðlagning tannlækna er frjáls en sjúkratryggingar endurgreiða hluta tannlæknakostnaðar fyrir börn og lífeyrisþega. Fjárhæðir endurgreiðslu vegna almennra tannviðgerða hafa nú verið nánast óbreyttar frá árinu 2003 sem í reynd þýðir aukna kostnaðarþátttöku sjúklunga. Aftur á móti hefur nú verið ráðist í átak þar sem tímabundið er í boði tannlæknaþjónusta fyrir börn tekjulágra foreldra.
- Í fjárlögum 2011 var ekki gert ráð fyrir hækkun á fæðingarorlofsgreiðslum, eftir mikinn niðurskurð árin á undan, auk þess sem áformað var að draga úr útgjöldum sjóðsins um 1.000 m.kr. með sértækum aðhaldsaðgerðum sem gætu falið í sér styttingu orlofsréttar, lækkun

hámarksgreiðslna eða lækkun á hlutfalli útgreiðslu af reiknuðum bótum en þeim aðgerðum var frestað.

Jafnréttismál

- Í nýrri bókun við kjarasamninga segir m.a. um jafnréttisáherslur að ljúka skuli gerð staðals um framkvæmd stefnu launajafnréttis, útbúa skuli kynningar- og fræðsluefni fyrir launafólk og fyrirtæki um jafnrétti á vinnumarkaði og hvetja skuli stjórnendur til að huga að mótun fjölskyldustefnu innan fyrirtækja með það að markmiðið að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tilliti til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífsins.
- Kannir sýna að karlar skila lengri vinnudegi utan heimilis á meðan konur skilar fleiri tímum í ólaunaðri vinnu innan heimilis
- Vinnutími hér á landi er mun lengri en í helstu nágrannalöndum okkar. Árið 2008 unnu fullvinnandi hér á landi að meðaltali ríflega 46 klst. á viku á meðan fullvinnandi í Svíþjóð unnu tæplega 41 klst. á viku, um 40 klst. í Danmörku og Finnlandi og 39 klst. í Noregi. Meðal vinnutími fullvinnandi í ESB var var tæplega 42 klst. á viku
- Óútskýrður launamunur kynjanna er 7,3% samkvæmt könnun Hagstofu Íslands á launamun kynjanna en og konur voru með 15,9% lægra reglulegt tímakaup en karlar árið 2007. Munurinn hvað varðar heildartímakaup var 18,5% körlum í vil.

Hvað höfum við sagt áður?

- ASÍ krefst þess að staðinn verði vörður um það framsækna fæðingar- og foreldraorlofskerfi sem hér hefur verið byggt upp fyrir tilstuðlan verkalýðshreyfingarinnar. Hafnað er frekari skerðingum á fæðingarorlofinu og gerð krafa til þess að þær skerðingar sem þegar hafa átt sér stað verði dregnar til baka í áföngum og réttur einstæðra foreldra tryggður frekar en nú er.

(Úr ályktun ársfundar ASÍ 2010 um réttindi á vinnumarkaði)

- ASÍ krefst þess að róttæk skref verði tekin í baráttunni gegn launamuni kynjanna. Launamunur kynjanna er staðreynd og alltof lítið hefur áunnist í þeim efnum á undanförunum áratugum. Jafnframt er mikilvægt að berjast gegn kynferðislegu ofbeldi og áreiti á vinnustöðum. Mikill niðurskurður í heilbrigðis- og velferðarkerfinu hefur gríðarleg áhrif á starfsstéttir þar sem konur eru í meirihluta og kann að leiða til aukins og langvarandi atvinnuleysis kvenna. ASÍ hafnar öllum hugmyndum og aðgerðum sem veikja munu stöðu kvenna og leiða til aukins ójafnaðar kynjanna á íslenskum vinnumarkaði.

(Úr ályktun ársfundar ASÍ 2010 um réttindi á vinnumarkaði)

- Krafa ASÍ er að:
Stutt verði við barnafjölskyldur og tryggt að öll börn fái tækifæri og þjónustu óháð efnahag og félagslegri stöðu fjölskyldna.
 - Barnabætur verði ekki skertar og dregið verði úr tekjutengingum þeirra.
 - Lágmarka þarf gjaldtöku sveitarfélaganna á þjónustu við barnafólk, í leikskólum, grunnskólum og íþrótt- og tólmstundastarfi barna og ungmenna.

- Tannlækningar barna og ungmenna verði hluti af almennri heilbrigðisþjónsutu og kostnaðarþátttaka í samræmi við það.
- Allir landsmenn hafi aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.
 - Hámark verði sett á kostnaðarþátttöku vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu. Afsláttarkort gildi í a.m.k. 12 mánuði en taki ekki mið af almanaksári.
 - Tryggja þarf aðgang að heilbrigðisþjónustu og endurskoða þau áform sem nú eru uppi um niðurskurð í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.
- Allir búi við mannsæmandi lífskjör og hafi tækifæri til samfélagsþátttöku.
 - Samræma þarf framfærslugrunna í bóta- og styrkjakerfum ríkis- og sveitarfélaga og tryggja að þau byggi á raunhæfum framfærslu-kostnaði.
 - Bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga hækki í samræmi við launaþróun.

(Úr ályktun ársfundar ASÍ 2010 um velferðarmál)

- Mikilvægt er að styðja við bakið á barnafólki. Öflugasta leiðin til þess er að efla barnabótakerfið með því að hækka bæturnar og draga verulega úr tekjutengndum. Að tryggja öllum börnum aðgang að leikskólum, gæslu og máltíðum í grunnskólum ásamt íþróttá- og tómstundastarfi, óháð efnahag og félagslegri stöðu foreldra.
 - Slíkt verður best gert með því að sveitarfélög dragi úr gjaldtöku og auki frekar kostnaðarþátttöku sína á þessum sviðum.
 - Huga þarf sérstaklega að þeim hópi sem hefur ekki tækifæri á að greiða fyrir þjónustuna og tryggja að það hafi ekki áhrif á aðgengi og félagslega stöðu barnanna.
- Að tryggja öllum börnum og unglingum viðunandi aðgengi að alhliða heilbrigðisþjónustu, m.a. með auknum niðurgreiðslum á lyfjum og tannlækningum ásamt sjón- og heyrnartækjum.
- Að börnum með sérþarfir sé tryggður fullur stuðningur innan skólakerfisins og eflid verði þjónusta í heimabyggð, þar sem hætt er við að þjónusta við þennan hóp dragist saman þegar þrengir að.

(Úr ályktun auka- ársfundar ASÍ 2009 Hagur- Vinna - VelferðX)

- Ársfundurinn hvetur stjórnvöld til þess að læra af reynslu nágrannaþjóðanna sem gengið hafa í gegnum sambærilega erfiðleika og gæta þess að félagslegar afleiðingar kreppunnar leggist ekki með óhóflegum þunga á börn og unglinga. Ársfundurinn leggur því áherslu á að nú þegar verði öllum grunnskólanemendum óháð efnahag foreldra, tryggðar skólamáltíðir og aðgangur að íþróttá, tómstunda og menningarstarfi og jafnrétti til náms tryggt án tillits til efnahags eða búsetu.

(Úr ályktun ársfundar ASÍ 2009 um hag heimilanna)

Úr stefnu ASÍ í málefnum ungs fólks, samþykkt á ársfundi 2008:

Vinna og einkalíf

Áherslur ASÍ eru:

- Að samþætta vinnu og einkalíf með sveigjanleika og fjölskylduvænni vinnumenningu sem skapar m.a. foreldrum skilyrði til að annast börn sín.
- Að tryggja jafnan rétt allra foreldra í fæðingar- og foreldraorlofi.

- Að vinna að því að foreldrum verði tryggðar greiðslur í foreldraorlofi.
- Að tryggja aðgengi að góðri dagvistun eftir fæðingarorlof.

Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að vinna markvisst að samþættingu vinnu og einkalífs í samvinnu við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld þar sem áhersla er lögð á fjölskylduvæna vinnumenningu.
- Að stytta vinnutímann með það að markmiði að hann verði ekki lengri en á hinum Norðurlöndunum.
- Að lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði og endurskoða viðmiðunartímabil við útreikning fæðingarorlofs
- Að tryggja að allir nýbakaðir foreldrar í aðildarfélögum ASÍ fái greidd orlofslaun vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr fæðingarorlofssjóði.
- Að foreldrum verði tryggðar greiðslur í foreldraorlofi, þannig að það verði raunverulegur kostur að samræma atvinnuþátttöku og fjölskylduábyrgð.
- Að bæta réttindi foreldra á vinnumarkaði vegna veikinda barna, m.a. fjölga veikindadögum og endurskoða aldursmörk. Einkum þarf að huga að réttindum foreldra langveikra barna og leggja sérstaka áherslu á vernd þeirra gagnvart uppsögnum.

Heilbrigðis- og velferðarmál

Áherslur ASÍ eru:

- Að tryggja aðgengi ungs fólks og barna þeirra að heilbrigðiskerfinu óháð efnahag.
- Að ungt fólk sem hefur veikt eða dottið út af vinnumarkaði og/eða skóla fái viðeigandi tækifæri til endurhæfingar
- Að tryggja öllum börnum og ungmennum jöfn tækifæri óháð stöðu foreldra.

Helstu verkefni ASÍ eru:

- Að efla barnabótakerfið. Horfið verði frá þeirri hugsun að barnabætur séu að mestu tekjutengdar og nái einungis til allra tekjulægstu hópanna.
- Að tryggja öllum börnum og unglingum viðunandi aðgengi að alhliða heilbrigðisþjónustu, m.a. með því að niðurgreiða lyf og tannlækningar ásamt sjón- og heyrnartækjum.
- Að vinna áfram að lækun á gjaldtöku í leikskólum og fyrir gæslu og máltíðir í grunnskólum. Tryggja aðgengi allra barna og ungmenna að tómstundastarfi með því að auka enn frekar greiðsluþátttöku allra sveitarfélaga á þessu sviði. Auka aðgengi ungs fólks, sem hefur dottið út af vinnumarkaði og/eða skóla, t.d. vegna veikinda eða uppsagna, að upplýsingum um réttindi þeirra og möguleika til endurhæfingar.